



Umboðsmaður barna  
Hverfisgötu 4-6  
101 Reykjavík

Dagsetning 12.12.2025  
Málsnúmer MRN25040217

## Svar við bréfi umboðsmanns barna um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd

Vísað er til bréfs umboðsmanns barna um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd sem barst ráðuneytinu hinn 5. desember sl.

Í erindinu kemur fram að beiðni umboðsmanns barna um frest til að skila inn umsögn um málið hafi verið hafnað. Ráðuneytið telur rétt að taka það fram að beiðni embættisins um frest var svarað á þann hátt að fresturinn til að skila inn umsögnum í samráðsgátt rynni út þann dag sem erindið barst og að ráðuneytið gæti því miður ekki orðið við beiðni embættisins um frest til að skila inn umsögn um málið í samráðsgátt. Þó var jafnframt tekið fram að ráðuneytið myndi að sjálfsögðu taka við ábendingum um málið sem bærust eftir þann tíma. Til þess að unnt væri að rýna þær og bregðast við þeim, sem ráðuneytið hafði í hyggju að gera, væri mikilvægt að ábendingarnar bærust sem fyrst. Rétt er að taka fram að aðrir aðilar sem einnig óskuðu eftir fresti fengu sambærileg svör frá ráðuneytinu.


Varðandi þær alvarlegu athugasemdir sem umboðsmaður barna gerir í bréfi sínu um skort á samráði við undirbúning frumvarpsins telur ráðuneytið rétt að taka fram að um er að ræða vinnu sem grundvallast á viðtæku samráði sem staðið hefur yfir allt frá árinu 2018. Frumvarpsdrögin byggja á því samráði og þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá börnum, fagfólki og öðrum aðilum, þ.m.t. hagsmunaaðilum og umboðsmanni barna, frá þeim tíma. Um er að ræða viðtækasta samráð um málefni barna sem stjórnvöld hafa staðið fyrir en allt frá árinu 2018 hefur það legið fyrir að hluti af þeirri vinnu feli í sér að lokið verði við heildarendurskoðun barnaverndarlaga. Sérstakt samráð við börn um heildarendurskoðun löggjafarinnar, sem embætti umboðsmanns barna hafði umsjón með, fór m.a. fram í nóvember 2020, þar sem rætt var almennt um sýn barna á verkefni barnaverndar og meðferð barnaverndarmála. Slíkt almennt samráð fór einnig fram í september 2024 á rafrænum vettvangi viðburðarins Tölum saman. Þá var fundað sérstaklega með börnum um tiltekin álitamál, t.a.m. um útivistartíma tíma barna í júní 2025 en þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpsdrögum á ákvæði löggjafarinnar um útivistartíma má rekja til áskorunar sem barst ráðuneytinu frá börnum í Vestmannaeyjum árið 2024. Í september 2025 fór jafnframt fram samráð við börn sem vistuð voru á meðferðarheimilum ríkisins. Einnig er rétt að benda á að mikilvægur þáttur í samráði um frumvarpsdrög felst síðan í birtingu málsins í samráðsgátt og er tilgangurinn einmitt að eiga samráð við alla þá aðila sem málið kann að varða.


Vegna umfjöllunar í bréfinu um að frumvarpsdrögin beri með sér að ekki hafi verið framkvæmt mat á áhrifum á börn telur ráðuneytið rétt að taka það fram að slíkt mat hefur legið til grundvallar ákvarðanatöku um þær tillögur sem frumvarpið felur í sér. Þá hefur, líkt og fjallað er um í frumvarpsdrögunum, verið lögð rík áhersla á samráð við börn á ólíkum stigum málsins. Ekki gafst ráðrúm til að ljúka við umfjöllun um matið í frumvarpsdrögunum sjálfum fyrir birtingu þeirra en sú staðreynd breytir því ekki að matið hefur verið framkvæmt, að því marki sem unnt er áður en lokaútgáfa þess liggur fyrir. Hluti af því sem fjallað verður um í matinu snýr að umfjöllun um niðurstöður málsins í samráðsgátt. Einnig er rétt að árétt að mennta- og barnamálaráðuneyti hefur og mun áfram leggja ríka áherslu á það að hagsmunamat út frá réttindum barna verði hluti af skyldubundnu mati við undirbúning lagafrumvarpa innan Stjórnarráðs Íslands.

Ráðuneytið tekur undir það sem fram kemur í erindinu að barnaverndarlög varði mikilsverð grundvallarréttindi barna og telur ráðuneytið af sömu ástæðu afar mikilvægt að fá umsögn umboðsmanns barna um málið. Þegar málið var birt í samráðsgátt stjórnvalda miðuðu áform ráðuneytisins við að frumvarpið yrði lagt fram á Alþingi fyrir árslok. Ljóst er að þau áform munu ekki ganga eftir en ráðuneytið leggur þó ríka áherslu á að málið verði lagt fram á Alþingi á upphafsdögum nýs árs.

Með hliðsjón af þeirri ákvörðun og mikilvægi þess að ráðuneytinu berist umsögn umboðsmanns barna um málið upplýsir ráðuneytið embættið um að ef umsögn umboðsmanns berst fyrir 12. janúar 2026 verður unnt að rýna hana áður en málið verður lagt fram. Vonast ráðuneytið til þess að embættinu gefist þannig ráðrúm til að rýna drögin vel og skila ábendingum sínum.

Fyrir hönd ráðherra,

  
Anna Tryggvadóttir

  
Silja Stefánsdóttir